



## **206. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 23. ágúst 2022, á Vogu á Fellströnd**

### **Mætt:**

Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason og Magnús A. Sigurðsson

Umhverfis- orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson mætti á fundinn.

Steinar Kaldal, sérfræðingur á skrifstofu landgæða í umhverfis orku- og loftslagsráðuneyti, mætti í stað Guðríðar Þorvarðardóttur sem forfallaðist.

### **Forföll:**

Guðríður Þorvarðardóttir

*Fundarritari:* Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 9.05

### **1. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2021**

Formaður Breiðafjarðarnefndar kynnti fyrir umhverfis- orku- og loftslagsráðherra helstu verkefni Breiðafjarðarnefndar árið 2021 eins og þau eru kynnt í starfsskýrslu nefndarinnar.

### **Afgreiðsla:**

Í kjölfar kynningar formanns Breiðafjarðarnefndar var ársskýrslan formlega afhent umhverfis- orku- og loftslagsráðherra.

### **2. Umræða um verndarsvæði Breiðafjarðar með áherslu á framtíð verndarsvæðis**

Rætt var um verndarsvæði Breiðafjarðar.

### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi við umhverfis- orku- og loftslagsráðherra um verndarsvæði Breiðafjarðar. Rætt var almennt um Breiðafjörð og áherslumál Breiðafjarðarnefndar undanfarin ár.

Rætt var um skýrsluna Framtíð Breiðafjarðar<sup>1</sup> og stýrihóp um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun<sup>2</sup>. Framtíð Breiðafjarðar er skýrsla sem Breiðafjarðarnefnd vann og skilaði til umhverfissráðherra árið 2021. Stýrihópurinn er framhald þeirrar vinnu. Stýrihópurinn var skipaður vorið 2022 og vinnur að frekari stöðugreiningu og framtíðarsviðsmyndum

<sup>1</sup> Breiðafjarðarnefnd. (2021). *Framtíð Breiðafjarðar - Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar*. [http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119\\_framtid\\_Breidafjardar\\_2021.pdf](http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Breidafjardar_2021.pdf)

<sup>2</sup> Stjórnarráð Íslands. (2022). Stýrihópur vegna verndarsvæðis Breiðafjarðar. <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=c35ecbc9-a6d6-11ec-8147-005056bcf582>



sem skoða náttúruvernd í ljósi byggðapróunar. Stýrihópurinn mun skila sínum tillögum til umhverfis-orku- og loftslagsráðherra í júní 2023.

### **3. Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður í september, nánari dagsetning verður tilkynnt síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.45.